



SAMGÖNGU- OG SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík 25. maí 2020
Tilv.: SRN20040090/4.11.0

Til sveitarstjórna landsins

Covid-19 faraldurinn hefur umtalsverð áhrif á opinber fjármál þ.e. á afkomu og efnahag ríkissjóðs og sveitarfélaga. Hvað sveitarfélögin varðar er ljóst að mörg þeirra verða fyrir verulegum búsigfum ekki síst þar sem ferðapjónusta hefur verið umfangsmikil atvinnugrein. Nýleg samantekt Byggðastofnunar sem unnin var að tilstuðlan minni leiðir þetta í ljós en að mati Byggðastofnunar verða níu sveitarfélög fyrir hvað þyngsta högginu; eitt á Norðurlandi eystra, fimm á Suðurlandi og þrjú á Suðurnesjum. Fleiri sveitarfélög verða fyrir verulegum búsigfum vegna ástandsins en yfirlit um stöðu allra sveitarfélaga er í viðaukum I og II í samantekt Byggðastofnunar.

Greiningin staðfestir að hrun ferðapjónustunnar hefur gríðarleg áhrif á sveitarfélög landsins. Hún gefur einnig góðar vísbendingar um hvaða sveitarfélög og svæði í byggðalegu tilliti kunni að standa verst að vígi. Það er afar mikilvægt að hafa skýra mynd af stöðunni til þess að stjórnvöld og sveitarfélög geti brugðist vel við og hafið uppbyggingu að nýju. Samantektina er að finna á heimasíðu ráðuneytisins. Ég hef óskað eftir því við Byggðastofnun að sambærileg greining verði unnin fyrir höfuðborgarsvæðið og er sú vinna hafin.

Ég hef góðar væntingar um að þær fjölmörgu aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur þegar gripið til í þágu atvinnulífs og samfélags, til varnar, verndar og viðspyrnu, muni draga úr neikvæðum áhrifum á fjármál sveitarfélaganna og varða leiðina fram á við til nýrrar sóknar.

Þá er hafin vinna starfshóps sem ríkisstjórnin setti á laggirnar í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga en hlutverk hans er að safna saman samtímaupplýsingum um fjárhagsstöðu einstakra sveitarfélaga á árinu 2020. Afar mikilvægt er að fá sem besta mynd af fjárhagslegri stöðu allra sveitarfélaga landsins eins og hún hefur þróast það sem af er ári og fylgjast síðan náið með framvindunni út árið. Ljóst er að sveitarfélögin eru misjafnlega í stakk búin að takast á við þær óvæntu en tímabundnu aðstæður sem þau og samfélagið allt gengur í gegnum. Upplýsingarnar veita okkur hins vegar enn betri yfirsýn yfir stöðuna og hjálpa til við að meta hugsanlegar mótvægisáðgerðir.

Í vikunni verður send beiðni til allra sveitarfélaga um skil á upplýsingum um fjármál og óska ég eftir því að sveitarfélög bregðist skjótt og vel við þeirri beiðni. Mikilvægt er að verkefnið sé í forgangi svo tryggt verði að skýr yfirsýn fái stöðu einstakra sveitarfélaga sem fyrst.

Ríkisstjórnin leggur mikla áherslu á gott og náð samráð ríkis og sveitarfélaga um þessi málefni og mun tryggja að svo verði, en grundvöllur þess er meðal annars að fyrir liggi haldgóðar upplýsingar sem nýtast við stefnumótun og ákvarðanatöku.

A handwritten signature in blue ink, reading "Sigurður Ingi Jóhannsson". The signature is fluid and cursive, with the first name "Sigurður" being the most prominent.

Sigurður Ingi Jóhannsson

samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra